

Nordic Fish Leather ehf.  
Almannakór 9  
203 Kópavogur

Reykjavík, 20.6.2022  
UST202203-018/F.T.  
08.09.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 1. júní 2022 þar sem sjónarmiðum rekstraraðila var svarað varðandi frávik og ábendingar er skráð voru í eftirliti í sítunarverksmiðju Nordic Fish Leather ehf. á Sauðarkróki þann 1. október 2021. Þann 13. júní 2022 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. 26. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp. Iðnaðarskólpi sem veitt er í safnræsi og til skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli skal forhreinsað. Engin hreinsun er á skólpi frá rekstraraðila. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að haldið verði áfram grófhreinsun á frárennsli frá sítunartromlu. Rekstraraðili hyggst kynna sér þau úrræði sem nýst gætu og undirbúa hugmynd að lausn fyrir 31. ágúst 2022.**
2. 12. gr efnalaga nr. 61/2013. Við meðferð efna skal sýna fyrirbyggju, aðgát og varkárni þannig að fyrirbyggja megi skaða á heilsu og umhverfi. Geymsla efna hjá rekstraraðila er ekki með þeim hætti að sýnd sé fyrirbyggja þ.e. efni eru ekki geymd í lekavörn og eiga greiðleið í niðurföll. Sum eru hættuleg umhverfinu og geta því valdið skaða. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að gert sé ráð fyrir að lekavarnir verði komnar í ásættanlegt horf fyrir lok ágúst 2022.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur